



Landsliðsmál karla

Landliðsþjálfari starfar með afreksstjóra. Hann ber ábyrgð á landsliðsmálum karla í fullorðinsflokki.

Landliðsþjálfari skipuleggur og stýrir landliðsæfingum, velur í úrvalshóp, landliðshóp í ákveðin verkefni og landslið. Val í landslið fer fram af landliðsþjálfari ásamt því að velja þjálfara til að taka þátt í landliðsverkefnum.

Val í úrvalhópa: Þegar valið er í úrvalshóp þá er horft til árangurs frá fyrra keppnistímabili. Þá eru þeir einstaklingar valdir sem sýna bestan árangur hverju sinni og einnig þeir sem skara fram úr á einstökum áhöldum. Fjöldi iðkenda í hverjum úrvalshóp er á bilinu 10-20 og stærð úrvalshópa hefur ráðist eftir getu og fjölda iðkenda í hverju sinni. Markmið úrvalshópa er að auka getu og breidd einnig auka sjálfstraust og reynslu iðkenda sem mun hjálpa þeim við að takast á við verkefni á alþjóðlegum vettvangi. Með að samþykja þátttöku sína í úrvalshóp eru iðkendur að gefa kost á sér í landliðsverkefni erlendis og héraendis. Ef einstaklingur gefur ekki kost á sér þá ber honum skylda að upplýsa landliðsþjálfara eða sviðstjóra landsliðsmála um það hver sem orsök kann að vera.

Val í landslið: Stefnt er að því að þeir iðkendur sem eru í úrvalshóp karla taki þátt í landliðsverkefnum. Val í landslið fer eftir frammistöðu iðkenda á keppnistímabili, innihaldi æfinga, stöðuleika og frammistöðu á æfingamótum. Æfingamót eru haldin ef þurfa þykir til að hafa úrslita ákvörðun á val í landslið, reynsla fyrir keppendur og einnig fyrir landliðsþjálfara til að geta stillt upp besta liði. Val í landslið fer fram af landliðsþjálfara.

Landliðsæfingar: Landsliðsæfingar eru haldnar sem undirbúningur fyrir iðkendur vegna landliðsverkefna, til þess að þjappa hópinn saman og mynda liðsheild. Einnig eru þær haldnar fyrir landliðsþjálfara til að greina veikleika og styrkleika liðsins hverju sinni til að hægt sé að hámarka árangur. Allar landliðsæfingar fara fram með félagspjálfa hvers iðkanda.

Upplýsingaflæði: Í byrjun hvers tímabils þá er sendur út listi yfir verkefni ársins til að upplýsa félagspjálfa og iðkendur í úrvalshóp og einnig kynnt fyrir þeim hvernig valið verður í verkefnin sem stefnt er að taka þátt í.

Landliðsverkefni 2024

- Heimsbikarmót Cairo
- Heimsbikarmót Cottbus
- Evrópumót Rimini
- Norður - Evrópumót
- Heimsbikarmót Ungverjaland

Árið 2024 - Reynt var allt til að komast inn á Ólympíuleikana í París 2024, það var en séns í gegnum sérfræðinga á áhöldum leiðina. Við lögðum allt undir og tókum séns en það gekk ekki upp í þetta skipti en erum sáttir með árangurinn og ferlið þar sem við reyndum allt sem við gátum til að auka möguleika okkar.

Við höldum áfram að komast í úrslit á Heimsbikarmótum og stendur uppúr þegar Ágúst Ingi komst í tvenn úrslit á Heimsbikarmótinu í Ungverjalandi á gólfi og tvíslá.

Metnaðurinn og vinnusemin er mikil í þessum glæsilega hóp sem ætlar sér að ná eins langt og við mögulega getum.

Stöðugur vöxtur er í áhaldafimleikum karla, það er komin meiri breidd í hópinn, erfiðleiki æfinga er kominn á heimsmeðhöldum og möguleikarnir á að komast fjölþrautar úrslit og aftur í úrslit á einstaka áhöldum á Evrópumóti orðnir mjög miklir, vorum grátlega nálægt því í ár þegar Dagur Kári endaði í 13 sæti á bogahest með glæsilegar æfingar en það vantaði smá uppá til að ná í topp 8.

Róbert Kristmannsson Landliðsþjálfari karla